ÁRSSKÝRSLA 2011

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

EFNISYFIRLIT

Yfirlit um starfsemi sjóðsins 4
Skýrsla stjórnar 26
Áritun óháðs endurskoðanda 28
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 29
Efnahagsreikningur 30
Sjóðstreymisyfirlit 31
Skýringar 32
- Sérgreint yfirlit um rekstur og efnahag séreignarsjóðs árið 2011 43
- Sérgreint yfirlit um rekstur og efnahag samtryggingarsjóðs árið 2011 49

Fylgiskjal:

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2012 55

Almenni lífeyrissjóðurinn



Eignir yfir 100 milljarða

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins voru 110,1 milljarður í árslok 2011 og stækkaði sjóðurinn um 11,4 milljarða. Sjóðfélagar í árslok voru 33.296.

Almenni

Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga. Lífeyrissjóðir þessara stétta hafa sameinast Almenna lífeyrissjóðnum og greiða félagar þeirra lágmarksiðgjöld í hann. Sjóðurinn hentar líka þeim sem geta valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksiðgjaldið og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.

Iðgjald

Lágmarksiðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn er 12% af launum og skiptist þannig að 4% greiðast í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð. Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 12% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Sjóðfélagar geta aukið iðgjald í samtryggingarsjóð ef þeir vilja bæta við sig tryggingavernd. Hámarksiðgjald í samtryggingarsjóðinn er 15% af launum.

Löng saga, traustar rætur

Saga Almenna lífeyrissjóðsins nær yfir marga áratugi og eru rætur hans bæði langar og traustar. Í raun samanstendur sjóðurinn af átta lífeyrissjóðum sem hafa sameinast á mismunandi tímum. Þeir lífeyrissjóðir sem hafa sameinast í Almenna lífeyrissjóðinn eru (stofnár í sviga): ALVÍB (1990), Lífeyrissjóður arkitekta (1967), Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF (1968), Lífeyrissjóður FÍH (1970), Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna (1977), Lífeyrissjóður lækna (1967) og Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands (1965).

Mikilvægur hluti af fjármálum

Lífeyrismál og eftirlaunasparnaður eru mikilvæg en oft vanmetin viðfangsefni í fjármálum einstaklinga.

Með aðild að lífeyrissjóðum ávinna sjóðfélagar sér verðmæt réttindi en flestir þurfa þó að leggja meira fyrir til að tryggja sér góð eftirlaun.

Ávöxtunarleiðir



Skipting eigna 31.12.2011

Í árslok 2011 voru 55% eigna í séreignarsjóði og 45% í samtryggingarsjóði.

Ævisafn II er stærsta ávöxtunarleið séreignarsjóðs og Innlánasafnið er næst stærst.

Blandaður lífeyrissjóður

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður að því leyti að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd í bæði samtryggingar- og séreignarsjóð.

Séreignarsjóður

Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga greidd á sérreikning hans ásamt vöxtum ár hvert. Inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Inneignin erfist við fráfall. Ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs eru sjö. Þær eru Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ævisafn IV, Ríkissafn langt, Ríkissafn stutt og Innlánasafn. Ævisöfn I, II og III eru blönduð verðbréfasöfn með innlánum, skuldabréfum og hlutabréfum. Innlánasafnið fjárfestir eingöngu í innlánum, Ríkissafn langt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með löngum meðaltíma og Ríkissafn stutt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með stuttum meðaltíma og innlánum.

Samtryggingarsjóður

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum frá 60 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 70 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur ef sjóðfélagi missir starfsgetu og orkutap er metið 50% eða meira.
- Makalífeyrir er greiddur úr samtryggingarsjóði við fráfall sjóðfélaga. Makalífeyrir er alltaf greiddur í 2,5 ár og lengur ef yngsta barn sjóðfélaga er yngra en 20 ára.
- Betri barnalífeyrir. Sjóðurinn greiðir tvöfalt hærri barnalífeyri en lágmarkslífeyrir samkvæmt lögum (fjórfalt hærri barnalífeyri eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi).

Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og breytast mánaðarlega í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

Hver er sinnar gæfu smiður

Í lífeyrismálum gildir hið fornkveðna að „hver er sinnar gæfu smiður.“ Afkoman á eftirlaunaárunum ræðst mest af fyrirhyggju á starfsævinni.

Á næstu síðum finnur þú almennar ráðleggingar um eftirlaunasparnað og lífeyrismál. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu okkar, www.almenni.is.

Stjórn



Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld til sjóðsins voru samtals 7,7 milljarðar og hækkuðu um 300 milljónir milli ára.

Lífeyrisgreiðslur voru alls 4,7 milljarðar og skiptust þannig að 3,8 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði og 892 milljónir úr samtryggingarsjóði.

Um skipun stjórnar

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír. Á hverju ári eru kosnir tveir aðalmenn í stjórn og einn varamaður.

Stjórn 2011

Aðalmenn:

Páll Á. Pálsson, formaður	Kosinn á ársfundi 2009 til þriggja ára.
Sigurbjörn Sveinsson, varaformaður	Kosinn á ársfundi 2011 til þriggja ára.
Eiríkur Þorbjörnsson *	Kosinn á ársfundi 2009 til þriggja ára.
Oddur Ingimarsson	Kosinn á ársfundi 2010 til þriggja ára.
Sigríður Sigurðardóttir	Kosin á ársfundi 2011 til þiggja ára.
Vilhelmína Haraldsdóttir	Kosin á ársfundi 2009 til þriggja ára.

* Eiríkur var kosinn varamaður og tók við af Oddgeiri Ágúst Ottesen sem sagði sig úr stjórn í ágúst 2011.

Til vara:

Gunnar Einarsson	Kosinn á ársfundi 2010 til þriggja ára.
Hrönn Sveinsdóttir	Kosin á ársfundi 2011 til þriggja ára.

Stjórnarfundir

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftar ef tilefni er til. Eftir ársfund 2011 og til áramóta eða á tímabilinu 3. maí til 31. desember 2011 fundaði stjórnin átta sinnum. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 fundaði stjórnin fjórum sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda. Aðalmenn í stjórn fá greidd föst stjórnarlaun óháð fjölda funda og stjórnarsetu. Varamenn eru boðaðir þrisvar á ári og í forföllum aðalmanna eða við sérstök tilefni. Varamenn fá greiðslu fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Eftirlaun í stað tekna

Á uppvaxtarárunum sjá foreldrar um framfærslu, á starfsævinni lifir fólk af atvinnutekjum en á eftirlaunaárunum fær fólk lífeyri og tekjur af sparnaði og eignum.

Tilgangurinn með því að greiða í lífeyrissjóð og í viðbótarlífeyrissparnað er að safna upp inneign og réttindum til að lifa af á eftirlaunaárunum.

Starfsfólk og skrifstofa



Mikið umfang

Starfsemi lífeyrissjóðsins er mjög umfangsmikil. Allar færslur eru skráðar jafnharðan sem er nauðsynlegt til þess að hægt sé að reikna daglegt gengi og birta upplýsingar um eignir og réttindi á vefsíðu.

Verið velkomin í Borgartún 25

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25, 105 Reykjavík, og þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-16.

Ráðgjafar og móttaka

Ráðgjafar sjóðsins eru 4 og geta sjóðfélagar leitað til þeirra um sérhæfða ráðgjöf í lífeyrismálum og þjónustu.

Þórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri	thorhildur@almenni.is
Ásgeir Haukur Guðmundsson	asgeir@almenni.is
Brynja Margrét Kjærnested	brynja@almenni.is
Matei Manolescu, aðstoðarsjóðstjóri	matei@almenni.is
Sigrún Erlendsdóttir, móttaka	sigrun@almenni.is

Iðgjalda- og lífeyrisdeild

Flestir starfa í iðgjalda- og lífeyrisdeild sem sér um skráningu iðgjalda og greiðslu lífeyris.

Amalía Berndsen, deildarstjóri	amalia@almenni.is
Anna Guðmundsdóttir	anna@almenni.is
Árný Benediktsdóttir	arny@almenni.is
Jóna Sigurðardóttir	jona@almenni.is
Una Hafdís Hauksdóttir	una@almenni.is

Eignastýring

Eignastýringarteymi sjóðsins sér um stýringu eigna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstjóri stýrir störfum teymisins.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri	kristjana@almenni.is
Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri	helga@almenni.is
Ólafur Heimir Guðmundsson, sjóðstjóri	olafur@almenni.is

Bókhald

Bókhaldsdeild sér um daglegt bókhald, mánaðarlegar afstemmingar, skýrslur og árlegt uppgjör sjóðsins.

Eva Ósk Eggertsdóttir	eva@almenni.is
Eyrún Sigurjónsdóttir	eyrun@almenni.is
Lóa Rún Kristinsdóttir	loa@almenni.is
Kristín Sigurgeirsdóttir	kristin@almenni.is

Rekstur

Rekstrarstjóri sér um rekstrarmál og hefur umsjón með framkvæmd og skipulagningu innra eftirlits. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á réttinda- og fjárhagsbókhaldi og stýrir ráðgjöf og þjónustu við sjóðfélaga. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins.

Daníel Arason, rekstrarstjóri	daniel@almenni.is
Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri	sigridur@almenni.is
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri	gunnar@almenni.is

Góð eftirlaun bæta lífsgæði

Eftirlaunaárin eru oft fjórðungur af full-orðinsárunum og margir geta átt von á því að lifa í 15 til 25 ár eftir að þeir hætta að vinna.

Ef heilsan er góð geta eftirlaunaárin verið einn besti tími ævinnar. Góður fjárhagur hefur líka mikið að segja.

Allar ávöxtunarleiðir hækkuðu árið 2011



Ávöxtun 2011

Allar ávöxtunarleiðir nema Ríkissafn stutt skiluðu jákvæðri raunávöxtun.

Ríkissafn langt skilaði bestu ávöxtuninni árið 2011 en blönduð verðbréfasöfn skiluðu einnig ágætri ávöxtun.

Ríkissafn langt hækkaði mest

Ríkissafn langt hækkaði um 11,9% árið 2011 sem jafngildir um 6,3% raunávöxtun. Eins og síðastliðin ár var mikil eftirspurn eftir verðtryggðum ríkisskuldabréfum vegna takmarkaðs framboðs fjárfestingakosta og mikilli fjárfestingarþörf lífeyrissjóða. Lengri verðtryggð ríkisskuldabréf hækkuðu mest eða um 17,5%.

Blönduð söfn með jákvæða raunávöxtun

Hækkanir á innlendum verðtryggðum ríkisskuldabréfum er meginástæðan fyrir góðri ávöxtun blandaðra ávöxtunarleiða á árinu. Erlendar eignir drógu úr ávöxtun og gætir þeirra áhrifa mest í Ævisafni I, Ævisafni II og samtryggingarsjóði. Ævisafn I hækkaði um 6,5%, Ævisafn II um 9,0%, Ævisafn III um 9,8% og samtryggingarsjóður um 9,7%.

Ríkissafn stutt hækkaði lítið

Ríkissafn stutt hækkaði um 2,9% árið 2011. Ávöxtunarkrafa á stuttum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum var lág á árinu en háir nafnvextir bréfanna skiluðu jákvæðri nafnávöxtun.

Verðtryggð innlán með ágæta ávöxtun

Innlánasafn og Ævisafn IV, sem ávaxta eignir sínar á innlánsreikningum, hækkuðu um 7,8% og um 8,0%. Verðbótaþátturinn skýrir stóran hluta ávöxtunarinnar þar sem verðbólga ársins var 5,2%. Verðtryggð innlán vega um 92% af Innlánasafninu og 98% af Ævisafni IV. Verðtryggðir innlánsvextir innlánasafnsins lækkuðu um 0,5-1 prósentustig samhliða lækkun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa.

Ávöxtun á 1. ársfjórðungi 2012

Þróun ávöxtunarleiða sjóðsins á fyrsta ársfjórðungi 2012 var góð.

- Blönduð verðbréfasöfn með hátt vægi erlendra eigna nutu góðs af jákvæðri þróun þeirra og hækkaði Ævisafn I um 7,7%, Ævisafn II um 5,6%, Ævisafn III um 3,3% og samtryggingarsjóður um 4,4%.
- Vegna 1,7% hækkunar á vísitölu neysluverðs á tímabilinu hækkuðu verðtryggð skuldabréf og innlán. Ríkissafn langt, sem fjárfestir í verðtryggðum ríkisskuldabréfum, hækkaði um 2,4% en Innlánasafn og Ævisafn IV, sem fjárfesta í innlánum, um 2,0% og 2,2%.
- Ríkissafn stutt stóð nánast í stað á ársfjórðungnum en ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði vegna væntinga um aukna verðbólgu.

Settu þér markmið

Eftirlaunaárin eru oft langur tími og því þarf að leggja drjúgt fyrir til að byggja upp sjóð sem greiðir góð eftirlaun. Fyrst þarftu að vita hvað þú þarft mikið.

Besta leiðin til þess að meta hvað þú þarft mikið er að setja sér markmið um eftirlaun. Þannig býrðu til mælistiku sem þú notar til að meta stöðu þína.

Fjárfestingarumhverfið 2011: Ávöxtunarkrafa og vextir lækkuðu



Verðtryggð ríkisskuldabréf hækkuðu mest

Verðtryggð löng skuldabréf hækkuðu mikið í verði á árinu og skýra góða ávöxtun blandaðra safna og langa ríkissafnsins.

Verðtryggð ríkis-skuldabréf hækkuðu

Innlend verðbólga, lækkun á ávöxtunarkröfu og veiking krónunnar réðu mestu um hækkun ávöxtunarleiða á árinu 2011. Verðbólga ársins mældist 5,2% en gengishækkun verðtryggðra ríkisskuldabréfa og vaxtaálag á verðtryggðum innlánsreikningum skilaði ávöxtun umfram verðbólgu á árinu í öllum ávöxtunarleiðum að undanskildu stutta ríkissafninu (óverðtryggðar eignir).

Óverðtryggð lækkuðu

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti í byrjun árs um 0,25% en hækkaði vextina svo um 0,5% í tveimur skrefum. Stýrivextir voru í árslok 4,75%. Áhrif stýrivaxtahækkana á skuldabréfamarkað komu fram í minni áhuga á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og gengislækkun þeirra á árinu.

Erlend hlutabréf lækkuðu en krónan veiktist

Heimsvísitala hlutabréfa í bandaríkjadollar lækkaði um 5,5% á árinu en íslenska krónan veiktist á árinu um 6,7% gagnvart bandaríkjadollar á sama tíma. Hækkuðu erlendar eignir ávöxtunarleiða því í krónum talið. Pólitískir atburðir höfðu mikil áhrif á fjármálamarkaði heimsins á árinu, þar má nefna vandamál evruríkja við að leysa skuldavanda einstakra sambandsþjóða, uppreisnir mótmælenda gegn valdstjórnum í miðausturlöndum og lækkun á lánshæfismati Bandaríkjanna vegna mikillar skuldsetningar.

Óvissa erlendis, fleiri fyrirtæki stefna á markað innanlands

Ljóst er að óvissa mun áfram vera ríkjandi á erlendum mörkuðum en innanlands er sjáanleg helst sú breyting að fleiri fyrirtæki munu sækjast eftir því að fá skráningu á hlutabréfamarkað. Gjaldeyrishöft munu áfram styðja við gengi verðtryggðra ríkisskuldabréfa ekki síst vegna þess að vænt framboð á árinu 2012 er minna en áætluð eftirspurn.

Fjárfestingarumhverfið á 1. ársfjórðungi 2012

Fjárfestingarumhverfið var hagstætt fyrir blönduð verðbréfasöfn.

- Erlendir hlutabréfamarkaðir byrjuðu mjög vel á árinu 2012 og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa í dollar um 11,6% og 15,0% í krónum talið vegna veikingar íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar á sama tímabili um 3,4%.
- Í mars hækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti um 0,25 prósentustig til að sporna við aukinni verðbólgu. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði á ársfjórðunginum vegna væntinga um aukna verðbólgu og stýrivaxtahækkanir síðar á árinu. Ávöxtunarkrafa langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa stóð nánast í stað.
- Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,7% á fyrsta ársfjórðungi og um 6,3% frá 1. apríl 2011.

Hvað þarftu mikið?

Það er breytilegt eftir hverjum og einum hver eftirlaunin þurfa að vera og ræðst meðal annars af fjölskylduhögum, eignum og skuldum.

Spyrðu þig um hvaða tekjur þú telur að þú þurfir að hafa eða hvaða tekjur þú viljir hafa. Ágæt viðmiðun er að líta til núverandi launa og miða við 60–80% af þeim.

Ávöxtun 2011 nálægt langtímameðaltali



4,4% raunávöxtun á ári frá 1990

Raunávöxtun samtryggingarsjóðs á árunum 1990-2011 er 4,4% á ári.

Á árunum 2000-2011 hafa komið tvö tímabil með neikvæðri ávöxtun.

Ávöxtun á uppleið

Eftir þriggja ára tímabil neikvæðrar og lágrar ávöxtunar hækkaði ávöxtun blandaðra verðbréfasafna og var nálægt meðaltali ávöxtunar frá árinu 1990. Raunávöxtun samtryggingarsjóðs árið 2011 var 4,2% en meðalraunávöxtun á ári frá árinu 1990 er 4,4%.

Langtímaávöxtun lækkaði í efnahagshruninu

Efnahagshrunið á Íslandi 2008 og 2009 hafði mikil og afgerandi áhrif á langtímaávöxtun Almenna lífeyrissjóðsins. Fyrir fall íslensku viðskiptabankanna í október 2008 var langtímaraunávöxtun samtryggingarsjóðs 6,8% á ári að jafnaði en hefur síðan lækkað í 4,4% á ári. Ávöxtunin er engu að síður 0,9% yfir ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða sem er 3,5%.

Fáir kostir í boði

Vegna gjaldeyrishafta og efnahagshruns hafa lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar úr afar fáum fjárfestingarkostum að velja og hefur svo verið frá því í október 2008. Kostirnir eru aðallega ríkisskuldabréf og innlán sem bjóðast á sögulega lágum kjörum. Annað veifið býðst fjárfestum þó að kaupa skuldabréf annarra traustra útgefenda og að fjárfesta í arðvænlegum innlendum hlutabréfum. Dæmi um aðra útgefendur skuldabréfa eru Lánasjóður sveitarfélaga, stór sveitarfélög og fyrirtæki með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga (Landsvirkjun, Orkuveitan, o.fl.). Dæmi um arðvænleg hlutabréf er HS Orka eða safn óskráðra félaga með milligöngu Framtakssjóðs Íslands.

Langtímasparnaður er tækifæri

Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og getur því horft til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Engin ástæða er til að ætla annað en að langtímaávöxtun sjóðsins taki við sér aftur þó svo það sé e.t.v. ólíklegt að ávöxtunin verði svipuð og á árunum fyrir efnahagshrunið 2008 til 2009. Á næstu árum munu bjóðast fjárfestingatækifæri sem hafa jákvæð áhrif á langtímaávöxtunina. Miklu skiptir að gjaldeyrishöft verði afnumin sem fyrst en við það aukast möguleikar til ávöxtunar og alveg sérstaklega til áhættudreifingar sem er nauðsynleg fyrir lífeyrissjóði sem geyma lífeyrissparnað einstaklinga.

Hvert stefnir hjá þér?

Næsta skref er að meta stöðuna og hver væntanleg eftirlaun verða. Fáðu uppýsingar um hvaða eftirlaun þú færð úr lífeyrissjóðum og hvað sparnaður bætir miklu við.

Berðu væntanleg eftirlaun saman við markmiðið þitt. Ef það munar miklu gætir þú þurft að endurskoða markmiðið en annars skaltu gera áætlun til að ná settu marki.

Gengi ávöxtunarleiða er reiknað daglega



Gengisþróun Ævisafns II árin 1998-2012



Gengisþróun þriggja ávöxtunarleiða 2011

Gengi ávöxtunarleiða er reiknað daglega

Gengisþróun ræðst af verðbreytingum undirliggjandi eigna. Afar mikilvægt er að sjóðfélagar séu meðvitaðir um að gengisbreytingar eru mismunandi eftir ávöxtunarleiðum.

Daglegt gengi

Almenni lífeyrissjóðurinn reiknar daglega gengi á allar ávöxtunarleiðir sjóðsins og birtir á vefsíðu sinni. Útreikningur á daglegu gengi hófst í janúar 1998 og á sjóðurinn gengisrunu til þess tíma fyrir Ævisafn II. Gengið er notað til að mæla verðbreytingar frá einum tíma til annars. Í raun eignast sjóðfélagar með greiðslu iðgjalda í séreignarsjóð ákveðnar einingar í sjóðnum og er verðmæti einninganna mælt með genginu. Vinstri myndin sýnir gengisþróun Ævisafns II frá árinu 1998 en sú hægri sýnir gengisþróun Ævisafns II, Innlánasafns og langa ríkissafnsins árið 2011.

Upp, niður, upp

Vinstri myndin sýnir gengisþróun Ævisafn II í rúm 14 ár. Myndin sýnir glöggt að miklar sveiflur geta verið á gengi blandaðra verðbréfasafna en langtímaþróun er þó greinilega upp á við. Á myndinni sjást vel áhrif efnahagshrunsins á Íslandi 2008 til 2009 og ánægjulegt að sjá að gengi safnsins er nú komið upp fyrir gengið sem var fyrir hrun íslensku viðskiptabankanna í október 2008.

Sveiflur innan árs geta verið miklar

Hægri myndin sýnir gengisþróun þriggja ávöxtunarleiða síðasta ár. Gengisþróun Innlánasafnsins var mjög stöðug enda hafa vaxtabreytingar ekki áhrif á höfuðstól. Ríkissafn langt og Ævisafn II sveiflast hins vegar í takt við breytingar á mörkuðum. Fylgni safnanna er mikil enda eru verðtryggð innlend ríkisskuldabréf um helmingur af innlendum skuldabréfum Ævisafns II. Myndin sýnir vel að hækkun á verðtryggðum ríkisskuldabréfum hafði afgerandi áhrif á gengisþróun blandaðra safna. Erlendir markaðir hafa einnig mikil áhrif á gengisþróun safnsins og skýra t.d. lækkunina í júlí til september þegar hlutabréfaverð lækkaði um allan heim vegna ótta við kreppu vegna mikillar skuldsetningar margra evrópuríkja.

Sveiflur geta verið góðar en einnig slæmar

Innlánasafnið hentar mjög vel fyrir þá sem eru byrjaðir að ganga á inneign sína og vilja ekki sveiflur í ávöxtun. Ævisafn II og Ríkissafn langt henta hins vegar vel fyrir þá sem eru að ávaxta til langs tíma og þola sveiflur í ávöxtun. Til lengri tíma má búast við að þeim sem taka á sig sveiflur verði umbunað með hærri langtímaávöxtun.

Gerðu raunhæfa áætlun

Ef núverandi sparnaður dugar ekki til að ná markmiðum um eftirlaun er næsta skref að reikna hvað þurfi að spara mikið til viðbótar og gera áætlun til að ná markmiðinu.

Besta og árangursríkasta leiðin til að byggja upp eignir og eftirlaunasjóð er reglulegur sparnaður.

Fjárfestingarstefna 2012

Efnisyfirlit

I. Almenni lífeyrissjóðurinn
II. Söguleg ávöxtun
III. Vænt ávöxtun og framreikningur
IV. Fjárfestingarstefna 2012
V. Viðmiðanir
VI. Áhættustýring
Reglur um lán til sjóðfélaga

Ítarleg stefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins er aðgengileg fyrir sjóðfélaga á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Fjárfestingarstefnan skiptist í sex kafla og er samtals 38 blaðsíður.

Ný fjárfestingarstefna

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember nýja fjárfestingarstefnu fyrir árið 2012. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega áhættu verðbréfa og fjallað um samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna fyrir allar ávöxtunarleiðir og fjárfestingarheimildir. Sérstakur kafli er um viðmiðanir við kaup á verðbréfum og annar um áhættustýringu hjá lífeyrissjóðnum.

Helstu breytingar frá fyrri stefnu

- Vægi innlendra hlutabréfa í fjárfestingarstefnu blandaðra verðbréfasafna hefur verið aukið en vegur þó tiltölulega lítið af heildareignum hvers safns. Ævisafn I stefnir nú að því að 6% eigna séu innlend hlutabréf, Ævisafn II 4%, Ævisafn III 1,5% og samtryggingarsjóður 3%.
- Viðmiðanir við val á verðbréfum sem útgefin eru af innlendum útgefendum öðrum en ríkissjóði eru ítarlegri en áður. Markmiðið er að draga úr líkum á eignatapi og að auka gegnsæi með því að varpa ljósi á þau skilyrði sem sjóðurinn hefur til viðmiðunar þegar keypt eru innlend verðbréf.
- Vegna takmarkaðs framboðs af skráðum verðbréfum hafa viðmiðanir við val á óskráðum verðbréfum verið gerðar nákvæmari. Sjóðurinn má þó ekki fjárfesta meira en 20% af eignum í óskráðum verðbréfum.
- Kafli um áhættustýringu var uppfærður. Í honum er umfjöllun um áhættur og eftirlit með þeim. Sjóðurinn hefur skilgreint þrjá meginflokka áhætta sem tengjast eignum sjóðsins, sem eru fjárhagsleg áhætta, lausafjáráhætta og mótaðilaáhætta.

Aðkoma sjóðfélaga

Sjóðurinn bauð sjóðfélögum að koma að mótun fjárfestingarstefnunnar með því að efna til sérstaks rabbfundar í október. Á fundinum var farið yfir drög að nýrri fjárfestingarstefnu og óskað eftir ábendingum og athugasemdum.

Besti sparnaðurinn

Viðbótarlífeyrissparnaður er besti kosturinn til að byggja upp eftirlaunasjóð vegna hagstæðra skattareglna og mótframlags launagreiðanda sem bætist við framlag þitt.

Leggðu fyrir a.m.k. 2% af launum til að tryggja þér 2% mótframlag launagreiðanda. Ef þú getur samið við launagreiðanda um hærra mótframlag er það hagstætt.

Eignasamsetning nokkuð frá stefnu



Eignasamsetning og fjárfestingarstefna í árslok 2011

Eignir í blönduðum verðbréfasöfnum er nokkuð frá fjárfestingarstefnu vegna gjaldeyrishafta. Sjóðurinn lítur á höftin sem tímabundin.

Undirvigt á hlutabréfum

Undirvigt er á hlutabréfum í Ævisöfnum I, II, III og í samtryggingarsjóði vegna gjaldeyrishafta. Samkvæmt fjárfestingarstefnu eru erlend hlutabréf uppistaðan í hlutabréfum sjóðsins þar sem ekki er hægt að ná nægjanlegri áhættudreifingu á innlendum hlutabréfamarkaði. Vegna gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki náð stefnu um erlend hlutabréf. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og lítur á gjaldeyrishöftin sem tímabundin og hefur því ekki breytt fjárfestingarstefnu sinni þrátt fyrir höftin.

Erlend verðbréf auka áhættudreifingu

Almenni lífeyrissjóðurinn stefnir að því að halda erlendum verðbréfum í eigu sjóðsins og auka vægi þeirra þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt. Með því að fjárfesta í erlendum verðbréfum dreifist áhættan á fleiri hagkerfi en það íslenska sem er bæði smátt og einhæft.

Iðgjöld í séreignarsjóð greiðast í Innlánasafn

Frá því í október 2008 hefur öllum iðgjöldum í séreignarsjóð verið ráðstafað í Innlánasafnið en sjóðfélagar geta breytt ráðstöfuninni. Mikill meirihluti sjóðfélaga greiðir enn iðgjöld í Innlánasafnið og er safnið komið yfir 18 milljarða í mars 2012.

Ævisafn IV sameinast Innlánasafni

Ævisafn IV fjárfestir eingöngu í innlánum og eru eignir þess svipaðar eignum Innlánasafns. Sjóðurinn stefnir að því að Ævisafn IV sameinist Innlánasafni á árinu 2012 en það hefur dregist vegna uppgjörs á vaxtaskiptasamningi í eigu Ævisafns IV.

Ráðgjöf að fjárfesta í blönduðum söfnum

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrissparnað, veiti góða áhættudreifingu og skili bestu ávöxtuninni til lengri tíma. Í efnahagsáföllum hefur komið í ljós mikilvægi þess að vera með vel dreifð eignasöfn. Mikilvægt er að dreifa fjárfestingum á milli innlána, skuldabréfa og hlutabréfa og einnig á milli ólíkra hagkerfa. Reynslan hefur kennt að einnig er mikilvægt er að dreifa áhættu á fleiri hagkerfi en Ísland.

Annar sparnaður er einnig nauðsynlegur

Yfirleitt þarf meira en viðbótarlífeyrissparnað til að tryggja sér ásættanleg eftirlaun. Þú þarft að spara meira og/eða reikna með að ganga á aðrar eignir.

Annar sparnaður er t.d. reglulegur sparnaður á innlánsreikninga eða í verðbréfasjóði. Aðrar eignir geta einnig nýst sem eftirlaunasparnaður, t.d. fasteignir.

Ríkisskuldabréf vega þyngst



Innlend skuldabréf

Myndin sýnir upplýsingar um samsetningu innlendra skuldabréfa í ávöxtunarleiðum.

Ríkisskuldabréf vega þyngst eða frá 54% upp í 100%.

Innlend skuldabréf

Stærsti eignaflokkur í ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins (öðrum en innlánaleiðum) eru innlend skuldabréf. Skuldabréfin eru annars vegar markaðsskuldabréf sem eru oftast með fasta vexti og hins vegar sjóðfélagalán sem eru bæði með föstum og breytilegum vöxtum. Skuldabréfin eru að mestu verðtryggð nema ríkisskuldabréf í stutta ríkissafninu.

Vægi ríkisskuldabréfa hefur aukist

Ríkistryggð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga og laust fé hefur verið að aukast í ævisöfnunum og samtryggingarsjóði á undanförnum árum og eignasamsetning skuldabréfahluta safnanna breytist smátt og smátt. Skýringin er fyrst og fremst markaðsaðstæður og framboð fjárfestingarkosta en einnig afborganir og uppgreiðslur skuldabréfa.

Sjóðfélagalán vega þungt

Sjóðfélagalán vega þungt í skuldabréfasöfnum sjóðsins. Sjóðfélagar eiga kost á að fá hagstæð lán hjá sjóðnum og sjóðurinn fær betri ávöxtun en á markaðsskuldabréfum. Á liðnum áratugum hafa heimtur sjóðfélagalána verið góðar. Einstaklingar eru almennt góðir greiðendur og sjóðurinn fer fram á fasteignaveð til tryggingar greiðslu.

Langur meðaltími

Meðaltími skuldabréfa segir til um hversu lengi höfuðstóll er bundinn að jafnaði og er vísbending um verðnæmni skuldabréfa ef markaðsvextir breytast. Þannig er hægt að áætla verðbreytingu skuldabréfs með því að margfalda vaxtabreytingu með meðaltíma þess. Sem dæmi má nefna að skuldabréf með 10 ára meðaltíma hækkar um 10% í verði ef vextir lækka um eitt prósentustig og öfugt. Meðaltími skuldabréfa í blönduðum verðbréfasöfnum hefur lengst á síðustu árum með auknu vægi langra ríkisskuldabréfa.

Hærri meðalávöxtun í blönduðum söfnum

Meðalávöxtun segir til um meðalávöxtunarkröfu skuldabréfa og er vísbending um hvaða ávöxtun söfnin munu gefa í framtíðinni ef markaðsvextir haldast óbreyttir. Meðalraunávöxtun hefur lækkað á síðustu árum í takt við lækkun ávöxtunarkröfu á markaði. Meðalávöxtun blandaðra verðbréfasafna er töluvert hærri en ríkissafna. Það skýrist af því að söfnin eiga skuldabréf sveitarfélaga, fyrirtækja og sjóðfélagalán.

Veldu ávöxtunarleið eftir sparnaðartíma

Eðli verðbréfa er að verð þeirra sveiflast en á löngum tíma hækka þau í verði. Almennt má segja að því meiri sem sveiflurnar eru því hærri verður ávöxtunin til langs tíma.

Hvert prósent skiptir máli í ávöxtun. Veldu ávöxtunarleið eftir áætluðum sparnaðartíma. Þeir sem hafa langan tíma geta tekið á sig sveiflur og fá þá hærri ávöxtun.

Mikil áhættudreifing í erlenda safninu



Eignir, ma.kr.	24.142
Stærstu flokkar	**%**
Skráð hlutabréf	67,7
Ríkisskuldabréf	9,4
Framtaksfjárfestingar	20,2
Gjaldeyrir	2,7
Samtals	100,0

Erlend verðbréf

Erlend verðbréf lífeyrissjóðsins eru í einu safni sem ávöxtunarleiðir sjóðsins fjárfesta í.

Erlend verðbréf í ávöxtunarleiðum eru því eins en vægi þeirra er mismunandi.

Fjórar ávöxtunarleiðir eiga erlend verðbréf



Taflan sýnir skiptingu eigna í innlendar og erlendar eignir. Dökki hlutinn eru erlendar eignir og prósentutalan fyrir neðan sýnir vægi þeirra.

Erlenda safnið

Erlendar eignir Almenna lífeyrissjóðsins voru samtals um 24 milljarðar í árslok. Fjárfestingar skiptast í skráð hlutabréf, ríkisskuldabréf, framtaksfjárfestingar og gjaldeyrisreikninga.

Hlutabréf vega þyngst

Skráð hlutabréf vega þyngst eða um tvo þriðju hluta af safninu. Almenni lífeyrissjóðurinn notar erlenda verðbréfasjóði til að fjárfesta í hlutabréfum og er horft til margra atriða við val á sjóðum eins og árangurs, kostnaðar, aðferða, starfsmanna, stöðugleika í rekstri og fleira.

Erlend ríkisskuldabréf draga úr áhættu

Markmiðið er að erlend ríkisskuldabréf vegi um 6%-10% af erlendum verðbréfum. Í árslok 2011 voru erlend ríkisskuldabréf rúm 9% af erlendum eignum. Ríkisskuldabréfin eru útgefin af Bandaríkjunum og evrópuríkjum og eru mikilvæg til að auka áhættudreifingu í eignasöfnum lífeyrissjóðsins.

Framtakssjóðir

Framtakssjóðir vega um 20% af erlendum eignum. Framtakssjóðir fjárfesta í óskráðum hlutabréfum (private equity) og millilagsfjármögnunarsjóðum (sjóðir sem fjárfesta í lánasamningum, milli hlutabréfa og skuldabréfa). Stefnt er að því að 0-10% af erlendri hlutabréfaeign sé í framtakssjóðum. Vegna gildandi gjaldeyrishafta er hlutfall sjóðanna hærra en í fjárfestingarstefnu.

Gengisáhætta

Erlendar eignir sjóðsins námu 24 milljörðum í árslok 2011 og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Vegna gjaldeyrishafta og stöðu fjármálakerfisins er sjóðnum nú ómögulegt að verjast gengisáhættu með gerð afleiðusamninga. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum undirliggjandi eigna munu erlendar eignir sjóðsins að öðru óbreyttu lækka um 2,4 milljarða í íslenskum krónum.

Dreifðu, dreifðu og dreifðu

Eftirlaunasparnaður ræður mestu um fjárhagslega afkomu þegar vinnu lýkur. Þess vegna er áhættudreifing eitt af lykilorðunum við ákvörðun um eignasamsetningu.

Veldu ávöxtunarleið sem dreifir áhættu á marga útgefendur, margar tegundir verðbréfa, mörg lönd og atvinnugreinar.

1.658 fyrirtæki í 24 löndum



Eignir, ma.kr.	16.348
Hlutabréfasjóðir	**%**
Vanguard Global Enhanced Equity	21,1
Vanguard Global Stock Index	46,9
Sparinvest	10,9
Wegelin	10,8
Henderson Global Focus	5,4
Skagen	4,0
Credit Suisse MSCI World	1,0
Samtals	100,0
Hlutabréfin	
Fjöldi fyrirtækja	1.658
Fjöldi landa	24

Erlend hlutabréf

Erlenda hlutabréfasafnið inniheldur fjölda fyrirtækja og er vel dreift á lönd og atvinnugreinar.

Vanguard og Credit Suisse eru markaðstengdir sjóðir og vega 69% af hlutabréfasafninu.

Hlutabréf keypt með milligöngu sjóða

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

- Stefnt er að því að 67% af erlendri hlutabréfaeign séu markaðssjóðir sem fjárfesta í sömu hlutföllum og hlutabréf vega á markaði eða í sjóðum sem líkja eftir vísitölu (enhanced index funds). Vanguard og kauphallarsjóður Credit Suisse eru markaðstengdir sjóðir.
- Sjóðurinn hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu til að fjárfesta 20% af erlendum hlutabréfum í markaðssjóðum sem víkja frá heimsvísitölunni með því að velja markaðstengda sjóði í einstökum löndum eða landssvæðum. Wegelin er dæmi um slíkan sjóð.
- Stefnt er að því að u.þ.b. 33% af erlendum hlutabréfum séu virkir sjóðir, þ.e. sjóðir sem velja verðbréf með það að markmiði að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala hlutabréfa. Sparinvest, Skagen og Henderson eru dæmi um slíka sjóði.

Einstök fyrirtæki vega lítið

Erlenda hlutabréfasafnið á hlutdeild í 1.658 fyrirtækjum í 24 löndum. Með þessum fjölda er tryggt að vægi einstakra fyrirtækja er mjög lítið en stærsta fyrirtækið vegur aðeins um 1,4% af hlutabréfasafninu. Áhrif af gjaldþroti eins fyrirtækis eru því tiltölulega lítil.

Landaskipting svipuð og í heimsvísitölu

Stefna sjóðsins er að landaskipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Landaskiptingin verður þó alltaf eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna markaðstengdra sjóða sem velja lönd og vegna virkra sjóða sem velja fyrirtæki.

Atvinnugreinar

Sjóðurinn stefnir á að atvinnugreinaskipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Atvinnugreinaskiptingin verður þó alltaf eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna markaðstengdra sjóða sem velja lönd og vegna virkra sjóða sem velja fyrirtæki. Fjárfestingar sjóðsins eru dreifðar á 12 atvinnugreinar og vega iðnaðar- og munaðarvörur þyngst eða um 14% hvor.

Reiknaðu með því óvænta

Allir verða fyrir einhverjum áföllum um ævina og það er góð fjármálastjórn að gera ráðstafanir til að draga úr afleiðingum þeirra.

Gerðu ráðstafanir til að verja þig og fjölskyldu þína fyrir áföllum ef þú skyldir þurfa að hætta að vinna í skemmri eða lengri tíma vegna veikinda eða slyss.

Aðrar erlendar eignir





Ríkisskuldabréf og óskráð verðbréf

Sjóðurinn á erlend ríkisskuldabréf sem eru útgefin af bandaríska ríkinu og evrópuríkjum.

Framtakssjóðir fjárfesta í lánasamningum og óskráðum hlutabréfum.

Eignir, ma.kr.	2.271
Skuldabréfasjóðir	**%**
Bandarísk ríkisskuldabréf	55,0
Evrópsk ríkisskuldabréf	45,0
Samtals	100,0

Eignir, ma.kr.	4.876
Framtakssjóðir	**%**
Millilagsfjármögnun	49,4
Framtakssjóðir	50,6
Samtals	100,0

Erlend ríkisskuldabréf

Erlend ríkisskuldabréf eru keypt með milligöngu verðbréfasjóða Vanguard Group. Rúmlega helmingur þeirra eru bandarísk ríkisskuldabréf og tæplega helmingur eru evrópsk ríkisskuldabréf. Af evrópskum ríkisskuldabréfum vegur Þýskaland þyngst eða rúm 26%. Önnur lönd eru m.a. Frakkland sem vegur um 23%, Ítalía rúm 19%, Spánn tæp 11% og Holland rúm 6%.

Meðaltími bandarísku ríkisskuldabréfanna er um 5,4 ár sem þýðir að sveiflur í ávöxtun skuldabréfanna geta verið nokkrar. Nafnávöxtun skuldabréfanna sl. 1 ár er 8,9%, vextir hafa lækkað töluvert vegna aukinnar eftirspurnar og gera má ráð fyrir að ávöxtun bréfanna verði mun lægri horft fram á veginn. Nafnávöxtun evrópsku ríkisskuldabréfanna hefur verið nokkuð lægri eða um 3,3% sl. 1 ár og meðaltími skuldabréfanna er um 6 ár.

Framtakssjóðir

Framtakssjóðir vega um 20% af erlendum eignum. Fjárfestingartími framtakssjóða er yfirleitt um 8-12 ár og er ferlið þannig að fjárfestar skrifa sig fyrir ákveðinni fjárfestingu í upphafi sem dreifist svo á nokkur ár eða eftir því sem viðkomandi sjóðir finna fjárfestingatækifæri. Samkvæmt gildandi gjaldeyrishöftum hafa lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar sem gert hafa samninga um fjárfestingar í framtakssjóðum, heimild til að standa við áður gerðar skuldbindingar í sjóðunum, þ.e. mega kaupa í sjóðunum við innköllun áskrifta. Af þessari ástæðu hefur vægi framtakssjóða í erlenda safninu aukist. Erlendir framtakssjóðir hafa komið nokkuð vel út á liðnum árum og urðu ekki fyrir miklum áföllum í fjármálakreppunni 2008.

Markmið samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins er að 4-6% af erlendri verðbréfaeign sé í svokölluðum framtakssjóðum (private equity) sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum. Vegna gildandi gjaldeyrishafta er núverandi eign í framtakssjóðum hærri eða um 20%. Stefnt er að því að minnka hlutfall framtakssjóða af erlendri verðbréfaeign, m.a. með því að ráðstafa endurgreiðslum í erlenda hlutabréfasjóði.

Þú tryggir ekki eftir á

Lífeyrissjóðir greiða örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi vegna veikinda eða slysa. Kannaðu hvort hann dugir til að framfleyta þér og þínum ef þú missir starfsgetu.

Lífeyrissjóðir greiða maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Skoðaðu hvort þú þarft að líftryggja þig til að tryggja fjárhag aðstandenda ef þú skyldir falla óvænt frá.

Tryggingafræðileg staða



Tryggingafræðileg staða í árslok 2010 og 2011

Tryggingafræðileg staða í árslok 2011 er betri en í lok ársins 2010. Heildarstaða er innan jafnvægismarka

Tryggingafræðileg úttekt

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóða eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

- **Áunnin staða**. Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna áunninna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
- **Framtíðarstaða**. Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 67 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
- **Heildarstaða**. Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda.

Staðan í árslok 2011

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðsins var reiknuð af tryggingafræðingi sjóðsins miðað við 31. desember 2011.

- Áfallnar skuldbindingar voru 10,3% hærri en eignir sjóðsins.
- Núvirði framtíðariðgjalda var 3,2% hærra en áætlaðar framtíðarskuldbindingar.
- Heildarskuldbindingar voru 4,5% umfram heildareignir.

Staðan hefur batnað milli ára

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs í árslok 2011 hefur batnað frá því sem var í árslok 2010. Helstu skýringar á breytingum á tryggingarfræðilegri stöðu á milli ára eru eftirfarandi:

- Á árinu 2011 voru áunnin réttindi og lífeyrisgreiðslur lækkaðar um 5% samkvæmt ákvörðun ársfundar.
- Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og því hækka skuldbindingar í takt við hækkun á vísitölu neysluverðs. Árið 2011 hækkaði vísitalan um 5,2%.
- Raunávöxtun samtryggingarsjóðs var 4,2% sem er 0,7 prósentustigum yfir 3,5% lágmarksávöxtun sem reiknað er með í tryggingafræðilegri úttekt. Við útreikning á raunávöxtun eru markaðsskuldabréf metin á markaðsverði en í tryggingafræðilegu uppgjöri eru þau metin m.v. 3,5% raunvexti. Sé tekið tillit til þess var raunávöxtun samtryggingarsjóðsins lægri eða 2,7% sem er undir vaxtaviðmiðinu.

Fylgstu með á yfirlitum

Fylgstu með lífeyrisréttindum og inneign á yfirlitum frá lífeyrissjóðnum þínum. Seinna meir, og jafnvel fljótlega, geta lífeyrisréttindi skipt sköpum um afkomu og lífsgæði.

Ellilífeyrir lífeyrissjóða eru yfirleitt uppistaðan í eftirlaunum einstaklinga. Við starfsorkumissi eða fráfall er áfallalífeyrir lífeyrissjóða mikilvægur.

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs



Hækkun lífeyris, launa og verðlags 1998-2012



Hækkun einstakra hópa umfram verðlag

Hækkun lífeyris, launa- og neysluvísitölu 1998-2012

Frá því lífeyrislögin tóku gildi 1998 hefur lífeyrir hækkað meira en laun og verðlag. Raunhækkun einstakra hópa er mismunandi vegna ólíkra réttinda í eldri sjóðum.

Lífeyrir hefur hækkað umfram laun og verðlag

Frá því að lífeyrissjóðalögin tóku gildi árið 1998 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum og forverum hans hækkað umfram verðlag á síðustu árum. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga hækkuðu um 153% að meðaltali á tímabilinu 1998-2011. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 149% og vísitala neysluverðs um 112%. Í þessum tölum er búið að taka tillit til lækkunar á réttindum síðustu ára vegna efnahagshrunsins.

Mismunandi hækkun eftir hópum

Hækkun lífeyrisréttinda er mismunandi mikil eftir hópum og skýrist af því að réttindi í eldri lífeyrissjóðum voru ólík. Réttindi arkitekta hafa hækkað um 45% umfram verðlag. Réttindi lækna hafa hins vegar hækkað minna eða um 14% en réttindi í Lífeyrissjóði lækna voru hlutfallslega „dýr“ vegna ævilangs makalífeyris.

Lögbundin réttindi

Núverandi lög um starfsemi lífeyrissjóða tóku gildi þann 1. júlí 1998. Með þeim urðu mikil tímamót því þá var í fyrsta sinn samþykkt heildstæð löggjöf um lífeyrissjóðina. Í lögunum eru m.a. skilgreind lágmarksréttindi sem sjóðir þurfa að tryggja til að fá starfsleyfi. Í því felst að sjóðirnir skulu tryggja sjóðfélögum verðtryggðan ellilífeyri til æviloka, greiða örorku- og barnalífeyri ef starfsgeta minnkar og greiða maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

Sjóðfélagar njóta lágrar örorkutíðni

Almenni lífeyrissjóðurinn uppfyllir þessi skilyrði og rúmlega það. Sjóðurinn nýtur þess að örorkutíðni sjóðfélaga er mjög lág og þess vegna getur hann varið hærri hluta iðgjalds til að greiða eftirlaun. Sjóðurinn greiðir hærri örorkulífeyri en lágmark samkvæmt lögum og tvöfalt hærri barnalífeyri. Eigi börn látinna sjóðfélaga ekki foreldra á lífi greiðir sjóðurinn tvöfaldan barnalífeyri eða fjórfalt hærri en lög gera ráð fyrir. Makalífeyrir er hefðbundinn en þar sem þriðjungur lágmarksiðgjalds greiðist í séreignarsjóð þá njóta makar þess að inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga.

Birgðatalning og stöðumat

Kannaðu hvort greiðslur hafi borist frá launagreiðanda. Vanti iðgjöld skaltu hafa samband við launagreiðanda eða lífeyrissjóðinn þinn.

Kannaðu hvaða eftirlaunum þú átt von á þegar þú hættir að vinna. Stefnir í að þú náir markmiðum þínum? Ef ekki þarftu að endurskoða sparnaðaráætlun þína.

Rekstrarkostnaður í takt við áætlun



Rekstraráætlun 2012 og samanburður við raunkostnað 2011

Reiknað er með að heildarkostnaður við rekstur lífeyrissjóðsins verði svipaður milli ára.

Stefnt að lágmarkskostnaði

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem mest af ávöxtun sjóðsins skili sér til sjóðfélaga. Þessu er fylgt eftir með því að gæta hófs í rekstri og reyna að lágmarka fjárfestingarkostnað við ávöxtun eigna sjóðsins eins og hægt er.

Kostnaður í takt við áætlun

Rekstraráætlun fyrir árið 2011 gerði ráð fyrir heildarkostnaði að fjárhæð 327 m.kr. Raunverulegur rekstrarkostnaður varð 333 m.kr. sem er 2% umfram áætlun. Stjórn sjóðsins samþykkti á stjórnarfundi í desember 2011 rekstraráætlun fyrir árið 2012. Samkvæmt henni stefnir í að rekstrarkostnaður sjóðsins verði um 343 milljónir árið 2012 eða um 0,3% af áætluðum meðaleignum ársins. Markmið sjóðsins er að kostnaðarhlutfallið verði lægra en 0,3% á næstu árum.

Stærstu kostnaðarliðirnir

Starfsmannakostnaður vegur þyngst í rekstrarkostnaði sjóðsins. Hjá sjóðnum starfa 20 manns en stöðugildi eru 17. Sjá nánar um starfsfólk og skipulag á bls. 7. Upplýsingatækni er annar stærsti kostnaðarliðurinn en sjóðurinn notar sérstök upplýsingakerfi fyrir eignir, réttindi sjóðfélaga og bókhald. Þá heldur sjóðurinn úti heimasíðu og býður sjóðfélögum aðgang að læstu vefsvæði með upplýsingum um inneign og réttindi. Launagreiðendum býðst aðgangur að læstu vefsvæði með upplýsingum um iðgjaldagreiðslur.

Hátt þjónustustig

Þrátt fyrir stefnu um að halda kostnaði í lágmarki vill sjóðurinn veita sjóðfélögum úrvals þjónustu auk þess að leggja áherslu á góðar upplýsingar til sjóðfélaga. Hjá sjóðnum eru alltaf sérhæfðir lífeyrisráðgjafar á vakt sem sjóðfélagar geta leitað til þegar þeim hentar. Sjóðurinn býður sjóðfélögum að velja milli sjö ávöxtunarleiða fyrir séreignarsparnað, reiknar daglega gengi allra ávöxtunarleiða og birtir á vefsíðu, býður sjóðfélögum aðgang að sjóðfélagavef með ítarlegum upplýsingum um lífeyrisréttindi, o.fl.

Lán geta aukið lífsgæði

Hófleg lántaka er eðlilegur hluti af fjármálum einstaklinga og getur aukið lífsgæði. Að taka lán er mikil ákvörðun. Lán kosta og draga úr ráðstöfunartekjum.

Lántaki skuldbindur sig til að greiða af láninu í langan tíma hvernig sem árar. Hann þarf að þola sveiflur í greiðslubyrði, tekjum og gjöldum heimilisins.

Lán til sjóðfélaga



Lánveitingar aukast á ný

Á árinu 2011 voru veitt ný lán til sjóðfélaga fyrir 1,5 milljarð sem er töluverð aukning frá árunum 2009 og 2010.

Fjórar ávöxtunarleiðir eiga sjóðfélagalán



Myndin sýnir hlutfall sjóðfélagalána í eignum blandaðra verðbréfasafna. Dökki hlutinn eru sjóðfélagalánin og prósentutalan fyrir neðan sýnir vægi þeirra.

Fasteignatryggð lán til langs tíma

Sjóðfélögum standa til boða hagstæð lán gegn fasteignaveði. Hámarkslánsfjárhæð er 35 milljónir. Hægt er að velja milli verðtryggðra lána með breytilegum eða föstum vöxtum. Breytilegir vextir voru 3,75% og fastir vextir 4,4% í mars 2012. Allir sem sækja um sjóðfélagalán þurfa að leggja fram greiðslumat frá viðskiptabanka eða Íbúðalánasjóði.

Fastir og breytilegir vextir

Breytilegir vextir eru 0,5% hærri en meðalávöxtun í síðasta almanaksmánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Vextirnir verða þó aldrei lægri en sú vaxtaviðmiðun sem lífeyrissjóðir nota í tryggingafræðilegum úttektum að viðbættu 0,25% álagi, nú 3,75% umfram vísitölu neysluverðs. Fastir vextir eru ákveðnir af stjórn sjóðsins.

Mikil aukning lána árið 2011

Árið 2011 jukust ný útlán til sjóðfélaga mikið frá fyrra ári. Á árinu voru veitt 115 lán fyrir samtals 1.506 milljónir en árið 2010 voru afgreidd 58 lán fyrir 456 milljónir króna. Meðalfjárhæð nýrra lána til sjóðfélaga var 13,1 milljón á árinu 2011. Í lok ársins var heildarfjárhæð útistandandi sjóðfélagalána 14.200 milljónir.

Vanskil og úrræði fyrir lántaka í greiðslu-erfiðleikum

Vanskil hafa verið óveruleg í gegnum tíðina og í lok ársins voru ógreiddir gjalddagar 30 daga og eldri aðeins 0,8% af heildarfjárhæð útistandandi lána. Til viðbótar við hefðbundin úrræði (skilmálabreyting, frysting) fyrir sjóðfélaga í greiðsluerfiðleikum er sjóðurinn aðili að opinberum úrræðum fyrir lántakendur. Þessi úrræði eru greiðslujöfnun, sértæk skuldaaðlögun og 110% aðlögun fasteignaveðskulda sem var í boði árið 2011.

Vertu skuldlaus á eftirlaunum

Þeir sem skulda eftir að vinnu lýkur þurfa að greiða hluta af eftirlaunum í vexti og afborganir og hafa því minna til ráðstöfunar. Hluti af eftirlaunasparnaði er að greiða niður lán. Stefndu að því að vera skuldlaus þegar þú ferð á eftirlaun. Stilltu lánstímann þannig að lán verði í síðasta lagi uppgreitt þegar þú áætlar að hætta að vinna.

Lífeyrisgreiðslur



Tímabundin opnun séreignarsparnaðar

Myndin sýnir séreignarsparnað á mánuði (vinstri ás) sem hefur verið greiddur út samkvæmt tímabundinni opnun sparnaðarins. Bláa línan sýnir fjölda sjóðfélaga sem hafa fengið greiðslur (hægri ás).

Lífeyrisgreiðslur aukast milli ára

Árið 2011 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 4,7 milljarða í lífeyri og skiptust greiðslurnar þannig að 3,8 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði en 892 milljónir úr samtryggingarsjóði. Árið 2010 greiddi sjóðurinn samtals 3,8 milljarða sem skiptust þannig að 2,9 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði og 882 milljónir úr samtryggingarsjóði.

Aukagreiðslur skýra aukningu

Lífeyrisgreiðslur jukust um 24% milli ára eða samtals um 905 milljónir. Aukagreiðslur úr séreignarsjóði samkvæmt tímabundinni opnun skýra aukninguna. Árið 2010 var greiddur 1,8 milljarður í aukagreiðslur úr séreignarsjóði en árið 2011 hækkuðu aukagreiðslurnar í 2,6 milljarða. Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði breyttust lítið milli ára en á árinu 2011 voru lífeyrisréttindi skert um 5% en á móti hækkuðu lífeyrisgreiðslur um 5,2% vegna verðbólgu.

Tímabundin opnun séreignarsparnaðar

Í mars 2009 samþykkti Alþingi breytingar á lífeyrissjóðalögunum sem heimiluðu einstaklingum yngri en 60 ára tímabundið að taka út 1 milljón af séreignarsparnaði. Alþingi hefur síðan þrisvar framlengt heimildina og hækkað hámarksfjárhæðina, nú síðast í 6,25 milljónir árið 2011.

Einstaklingar geta tekið út viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt tímabundinni heimild að hámarki 6.250.000 kr. Heimildin miðast við inneign þann 1. janúar 2012. Mánaðarleg útborgun er 416.667 kr. og dreifist þar til að hámarksgreiðslu er náð. Með viðbótarlífeyrissparnaði er átt við sparnað samkvæmt samningi um lífeyrissparnað sem hefur myndast með 2% til 4% framlagi launþega og mótframlagi launagreiðanda. Séreignarsparnaður sem hefur myndast vegna lágmarksiðgjalds er ekki laus fyrr en við 60 ára aldur.

7.560 hafa fengið aukagreiðslu

Í lok ársins 2011 hafði Almenni lífeyrissjóðurinn greitt 6,8 milljarða til 7.560 sjóðfélaga vegna tímabundinnar opnunar séreignarsparnaðar. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti höfðu rúmlega 56 þúsund einstaklingar sótt um úttekt á samtals 65 milljörðum þann 31. desember 2011.

Því fyrr, því betra

Alltof margir huga ekki að eftirlaunum fyrr en stutt er í starfslok. Þá er lítið hægt að gera til að bæta stöðuna. Það borgar sig að skoða þessi mál tímanlega.

Besta og auðveldasta leiðin til að tryggja góð eftirlaun er að byrja að undirbúa sig tímanlega með fyrirhyggju og sparnaði.

Þjónusta við sjóðfélaga



Flestir lækka í launum

Útreikningar á stöðu 190 sjóðfélaga á aldrinum 50-59 ára á árinu 2011 sýndu að áætluð eftirlaun verða nálægt 40% af launum. Inn í eftirlaunin vantar réttindi í öðrum lífeyrissjóðum og annan sparnað.

Það er breytilegt eftir hverjum og einum hver eftirlaunin þurfa að vera og ræðst m.a. af fjölskylduhögum, eignum og skuldum.

Sérfundir fyrir sjóðfélaga

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sem vilja ítarlegar upplýsingar og ráðgjöf upp á stöðluð viðtöl sem við köllum **sérfundi**. Við bjóðum sjóðfélögum að koma á stöðufund um lífeyrisréttindi eða á upplýsingafund til að fá upplýsingar um eignir.

Frá því sérfundirnir voru kynntir í ársbyrjun 2011 hafa rúmlega 250 sjóðfélagar þegið boð um að koma á sérfund. Reynslan er góð og hafa sjóðfélagar lýst yfir ánægju með viðtölin og upplýsingarnar. Við munum halda áfram að bjóða virkum sjóðfélögum en þeir sem vilja fá upplýsingar fyrr geta bókað sérfundi strax á vefsíðu sjóðsins.

Upplýsingar um stöðuna þína

Á **stöðufundi** er farið yfir réttindi í samtryggingarsjóði og bent á leiðir til að bæta við eftirlaunin og verjast fjárhagslegum áföllum vegna örorku eða fráfalls. Sjóðfélagar fá ítarlegar upplýsingar um áunnin réttindi, hvert stefnir miðað við óbreyttar forsendur og ábendingar um aðgerðir til að bæta stöðuna.

Upplýsingar um inneign og ávöxtunarleiðir

Á **upplýsingafundum** er farið yfir inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði, eignir og áhættu ávöxtunarleiða. Sjóðfélagar fá ítarlegar upplýsingar um inneign sína og ávöxtunarleiðir sjóðsins.

almenni.is

Á heimasíðu okkar birtast reglulega fréttir af sjóðnum, fræðslugreinar, upplýsingar um ávöxtun, eignasamsetningu ávöxtunarleiða, o.fl. Þar er einnig hægt að senda fyrirspurnir á netfangið almenni@almenni.is eða panta viðtal við ráðgjafa.

Borgartún 25

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25, 105 Reykjavík, en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-16. Verið velkomin.

510-2500

Símanúmerið okkar er 510-2500. Gjörið svo vel að hringja ef ykkur vantar upplýsingar eða ef þið viljið tala við ráðgjafa.

Njóttu lífsins

Þú finnur góð ráð og leiðbeiningar á heimasíðu okkar, www.almenni.is. Þú getur líka pantað tíma og stöðufund með ráðgjöfum sjóðsins.

Það er góð tilfinning að vita að fjármálin verða í lagi þegar þú loksins getur hætt að vinna. Lifðu vel og lengi.

Ársreikningur
Almenna lífeyrissjóðsins 2011

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að frádreginni virðisrýrnun. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Eignir og fjöldi sjóðfélaga
Í árslok 2011 námu heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins 110,1 milljarði króna og stækkaði sjóðurinn um 11,4 milljarða eða um 11,6% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 33.296 og fjölgaði þeim um 861 félaga. Eignir séreignarsjóðs voru 60,3 milljarðar og samtryggingarsjóðs 49,8 milljarðar.

Iðgjöld
Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2011 voru samtals 7,7 milljarðar sem er svipuð fjárhæð og árið áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksiðgjöld voru 4,8 milljarðar og viðbótariðgjöld 2,8 milljarðar. Á árinu greiddu 6.**231** sjóðfélagi til samtryggingarsjóðs á móti 6.222 árið áður sem er 0,1% fjölgun milli ára. Iðgjöld í samtryggingarsjóð námu alls 3 milljörðum sem er svipuð tala og árið áður. Á árinu greiddu 7.132 sjóðfélagar til séreignarsjóðs á móti 8.086 árið áður sem er 12% fækkun milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 4,1 milljarður sem er 8% aukning frá árinu áður.

Lífeyrir
Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 892 milljónir árið 2011 sem er 1% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 645.

Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 3,8 milljörðum sem er 31% aukning frá árinu áður. Heildarfjöldi þeirra sem tóku út séreignarsparnað á árinu samkvæmt tímabundinni opnun var 3.106. Framlenging á heimild um opnun séreignarsparnaðar var samþykkt á Alþingi á árinu 2011 en öllum sjóðfélögum er heimilt að taka út allt að 6,25 milljónir af séreignarsparnaði sínum.

Sjóðfélagalán
Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 1,5 milljarð með veði í fasteignum en þetta er 231% aukning frá fyrra ári en lán til sjóðfélaga drógust verulega saman árin 2009 og 2010.

Vegna úrræða fyrir skuldsett heimili sem samþykkt voru af hálfu fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og ríkisstjórnar Íslands var afskrifuð 151 milljón á árinu 2011. Sjóðurinn hefur lagt til hliðar 903 milljónir til að mæta framtíðarafskriftum vegna fyrrnefndra úrræða og áhrifa efnahagshruns.

Verðbréfaeign
Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 11,7 milljarða og innlánum fyrir 3,3 milljarða á árinu 2011 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 2,9%-11,9% og raunávöxtun -2,2% til 6,3%. Í skýringu 23 í ársreikningnum er fjallað um niðurfærslur á verðbréfaeign sjóðsins á árinu 2011.

Tryggingafræðileg úttekt
Tryggingafræðileg úttekt í lok árs sýnir að heildareignir samtryggingarsjóðs eru 93,1 milljarður sem samanstendur af núvirtum eignum og framtíðariðgjöldum. Heildarskuldbinding samtryggingarsjóðsins er 97,5 milljarðar og er því skuldbinding umfram eignir 4,4 milljarðar. Niðurstaða úttektarinnar er að áfallnar skuldbindingar eru 10,3% umfram eignir en þegar litið er til framtíðarskuldbindingar vegna framtíðariðgjalda eru heildarskuldbindingar 4,5% umfram heildareignir.

Laun og fjöldi stöðugilda
Launagreiðslur til starfsmanna, stjórnar og kjörinna skoðunarmanna námu 179 milljónum á árinu. Stöðugildi voru 17 í lok árs.

Önnur mikilvæg atriði

Á árinu vann Almenni lífeyrissjóðurinn málaferli um ICG sjóði gegn Glitni banka hf. í Hæstarétti. Málavextir voru þeir að Almenni lífeyrissjóðurinn fjárfesti fyrir milligöngu Glitnis banka hf. í tveimur millilagssjóðum (mezzanine funds) af ICG (Intermediate Capital Group). Slitastjórn Glitnis hafnaði beiðni lífeyrissjóðsins um að færa eign hans á nafn lífeyrissjóðsins og var málinu vísað til dómstóla. Samkvæmt dómi Hæstaréttar er Glitni banka skylt að ljá nauðsynlegan atbeina að því gagnvart ICG sjóðunum að hlutur Almenna lífeyrissjóðsins í ICG sjóðunum verði skráður á nafn lífeyrissjóðsins. Glitnir banki var einnig dæmdur til að greiða málskostnað. Frá því dómurinn féll hafa lífeyrissjóðurinn og bankinn unnið að því í sameiningu að færa eignarhlut sjóðsins yfir á nafn hans. Stjórnendur lífeyrissjóðsins töldu frá upphafi eignarréttindi lífeyrissjóðsins mjög skýr. Þessi dómur staðfestir það og því hefur dómurinn engin áhrif á eignamat.

Gjaldeyrisvarnarsamningar í ársuppgjöri eru bókfærðir á sama hátt og síðustu ár eða miðað við gengi á gjalddaga og dráttarvexti á eftirstöðvar, sjá nánar í skýringu 24. Í mars 2012 náði samninganefnd lífeyrissjóða rammasamkomulagi við Glitni um forsendur í uppgjörum samninganna og annarra krafna við bankann. Náist að ljúka samningum við einstaka lífeyrissjóði á grundvelli rammasamkomulagsins verða gjaldeyrisvarnarsamningarnir gerðir upp í samræmi við efni samninganna en Glitnir fellur frá sínum ýtrustu kröfum. Lífeyrissjóðir geta skuldajafnað samþykktum skuldabréfakröfum á móti skuld vegna samninganna. Miðað við forsendur í rammasamkomulaginu má vænta þess að bókfært tap Almenna lífeyrissjóðsins af gjaldeyrisvarnarsamningum lækki.

Almenni lífeyrissjóðurinn er aðili að málaferlum lífeyrissjóða gegn Glitni vegna víkjandi skuldabréfs sem var gefið út í mars 2008. Lífeyrissjóðir hafa stefnt bankanum og krefjast þess að skuldabréfið verði viðurkennt sem almenn krafa á grundvelli þess að bankinn hafi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar við sölu bréfsins. Vinni lífeyrissjóðirnir málið getur Almenni lífeyrissjóðurinn skuldajafnað bréfinu gegn stærstum hluta af eftirstöðvum gjaldeyrisvarnarsamninga.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2012

Stjórn:

Oddur Ingimarsson

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar 1-56 og deildaskipt yfirlit.

Ábyrgð Stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reiknings-haldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að árs-reikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð árs-reikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. mars 2012

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2011	2010
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		2.891.121	2.821.139
Iðgjöld launagreiðenda		4.768.461	4.563.568
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(501.617)	(678.832)
		7.157.965	6.705.875
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		36.335	31.674
	7,27	7.194.300	6.737.549
Lífeyrir:			
Lífeyrir	10,28	4.671.856	3.766.894
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	8	137.618	(350.504)
Vaxtatekjur og gengismunur	9,29	9.908.044	6.778.359
Niðurfærsla verðbréfa	23	(807.725)	(1.718.575)
		9.237.937	4.709.280
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11,30-32	161.243	149.319
Vaxtagjöld		787	1.461
		162.030	150.780
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11,30-32	241.864	223.978
Hækkun (lækkun) á hreinni eign		11.356.487	7.305.176
Hrein eign frá fyrra ári		98.725.053	91.419.876
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	42	110.081.541	98.725.053

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2011	2010
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	33	41.164.951	38.289.506
Verðbréf með föstum tekjum	23,37	40.054.360	35.460.215
Veðskuldabréf	38	14.436.317	13.325.261
Bundnar bankainnstæður		18.013.189	13.563.067
Aðrar fjárfestingar		20.980	26.161
	12,39	113.689.798	100.664.210
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		400.000	388.981
Ýmsar kröfur		61.416	171.155
		461.416	560.136
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	40	2.683	21.579
Sjóður og veltiinnlán		4.088.842	4.978.420
		4.091.526	4.999.999
Eignir samtals		118.242.739	106.224.345
Skuldir:			
Ýmsar skuldir	24	8.161.199	7.499.292
Hrein eign til greiðslu lífeyris		110.081.541	98.725.053
Greining á hreinni eign deilda:			
Séreignarsjóður	43	60.297.893	55.324.274
Samtryggingarsjóður	50	49.783.648	43.400.779
Hrein eign til greiðslu lífeyris	42	110.081.541	98.725.053

Sjóðstreymisyfirlit árið 2011

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2011	2010
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		7.157.965	6.705.875
Fjárfestingartekjur		3.186.233	2.727.012
Afborganir verðbréfa		1.910.421	1.805.192
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		3.457.216	10.068.463
Seld verðbréf með föstum tekjum		3.219.783	10.060.183
Bundnar bankainnstæður		100.000	430.000
Aðrar inngreiðslur		112.140	23.464
		19.143.759	31.820.189
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		4.671.856	3.766.894
Fjárfestingargjöld		13.868	114.406
Rekstrarkostnaður		327.972	345.100
Rekstrarfjármunir		3.450	0
Aðrar útgreiðslur		39.728	260.763
		5.056.873	4.487.162
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum		14.086.886	27.333.027
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting:			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		3.515.738	6.707.711
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		8.200.726	17.451.278
Bundnar bankainnstæður		3.260.000	3.100.000
		14.976.464	27.258.990
Hækkun á sjóði og veltiinnlánum		(889.578)	74.037
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		4.978.420	4.904.383
Sjóður og veltiinnlán í árslok		4.088.842	4.978.420

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Almenni lífeyrissjóðurinn er með aðsetur í Borgartúni 25, Reykjavík. Sjóðurinn er öllum opinn, en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf, önnur en veðlán, eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Sjóðurinn skiptist í tvo sjóði, samtryggingarsjóð og séreignarsjóð. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í einu verðbréfasafni en séreignarsjóður skiptist í sjö ávöxtunarleiðir með mismunandi fjárfestingarstefnum. Í skýringum 43 - 49 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og kennitölur og fleira er varðar ævisöfn séreignarsjóðs. Í skýringum 50 - 56 er að finna sambærilegar upplýsingar um samtryggingarsjóð.

3. Um eignamat

Almenni lífeyrissjóðurinn metur markaðsskuldabréf á áætluðu markaðsverði þrátt fyrir að í reglum lífeyrissjóða sé gert ráð fyrir að þau séu metin m.v. ávöxtunarkröfu við kaup. Ástæðan er sú að meirihluti eigna sjóðsins eru í séreignarsjóði þar sem sjóðfélagar geta samkvæmt beiðni skipt um ávöxtunarleiðir hvenær sem er. Eignir séreignarsjóðs verður að meta á markaðsverði því annars gætu sjóðfélagar fært inneign sína milli leiða á kostnað annarra sjóðfélaga. Sjóðurinn metur skuldabréf samtryggingarsjóðs einnig á markaðsverði til að hafa samræmt eignamat í sjóðnum.

Mat á áætluðu markaðsverði skiptist upp í þrjú þrep:

1. Markaðsvirði sem byggir á viðskiptum á markaði með eins eignir og fellur mat á meirihluta eigna sjóðsins undir þetta þrep eða um 73% af skuldabréfum.
2. Áætlað markaðsvirði sem byggir á viðskiptum á markaði með sambærilegar eignir, t.d. með eignir þar sem stopul viðskipti eiga sér stað. Um fjórðungur af skuldabréfum sjóðsins fellur undir þetta þrep.
3. Áætlað markaðsvirði sem byggir að verulegu leyti á mati stjórnenda sjóðsins, t.d. með eignir þar sem veruleg óvissa ríkir um eignamat. Óverulegur hluti eigna sjóðsins fellur hér undir eða um 2% af skuldabréfum sjóðsins.

4. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum 23 - 25.

5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

6. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

7. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtryggingarsjóðs í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

8. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

9. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina og breyting á markaðsverði afleiðusamninga.

10. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir.

11. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins. Umsjónarlaun innlendra og erlenda sjóða, sem lífeyrissjóðurinn fjárfestir í, eru ekki talin með sem kostnaður lífeyrissjóðsins en umsjónarlaunin dragast frá ávöxtun viðkomandi sjóðs. Vegin umsjónarlaun allra sjóða (verðbréfa-, fjárfestinga- og framtakssjóða) eru 0,38% af eignum og voru alls um kr. 146 milljónir á árinu 2011. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur mikla áherslu á að kostnaður við fjárfestingar sé lágur þannig að sem mest af ávöxtun skili sér til sjóðfélaga. Hátt hlutfall fjárfestinga í erlendum sjóðum er t.d. í vísitölusjóðum þar sem kostnaður er lágur.

12. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.
Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á áætluðu markaðsverði. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Áhættustýring

13. Greining áhættuþátta og áhættustýring

Í daglegri starfsemi lífeyrissjóðsins eru margir þættir sem geta haft áhrif á rekstur hans. Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli með og reynt að draga úr áhættu sem getur haft neikvæð áhrif á afkomu og hreina eign til greiðslu lífeyris. Stjórnendur sjóðsins hafa greint helstu áhættuþætti og í framhaldi skipulagt og innleitt eftirlits- og viðbragðsaðgerðir til að fylgjast með þeim og draga úr áhættu.

Stjórn lífeyrissjóðsins fylgist með áhættustýringunni og ber ábyrgð á henni gagnvart sjóðfélögum. Innri endurskoðandi sjóðsins fylgist með starfseminni til að tryggja að stefnu stjórnar sé framfylgt. Að auki hefur stjórn sjóðsins skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við lög sem ætlað er það hlutverk að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðanda og áhættustýringu.

Rekstrarstjóri hefur eftirlit með framkvæmd áhættustýringar og er tengiliður við stjórn sjóðsins varðandi áhættustýringu. Rekstrarstjóri hefur jafnframt umsjón með skipulagningu innra eftirlits samkvæmt skipulagi sjóðsins.

Skrifstofustjóri lífeyrissjóðsins hefur umsjón með framkvæmd og skipulagningu í stýringu rekstraráhættu.

13. frh.

Sjóðstjórar lífeyrissjóðsins hafa umsjón með framkvæmd og skipulagningu eignatengdri áhættustýringu samkvæmt skipulagi sjóðsins og fjárfestingarstefnu. Í stefnunni er sérstakur kafli um áhættustýringuna og eftirlitsaðgerðir. Fjallað er um helstu áhættuþætti hér á eftir en þeir eru rekstraráhætta, mótaðilaáhætta, lausafjáráhætta, fjárhagsleg áhætta og skuldbindingaáhætta.

14. Eftirlit og stýring rekstraráhættu

Við daglegan rekstur lífeyrissjóðsins eru margvíslegir áhættuþættir sem geta haft áhrif á starfssemi hans og leitt til tjóns fyrir sjóðfélaga. Til að draga úr slíkri rekstraráhættu er unnið eftir verkferlum, vinnureglum og starfslýsingum og eftirlit haft með að þeim sé fylgt, ásamt öðrum reglum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett sér ítarlegar samskipta- og starfsreglur og starfsmenn hafa sett sér siðareglur.

Innri endurskoðandi sjóðsins fylgist með og gerir úttekt á innra eftirliti sjóðsins auk þess sem endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni eftirlitsins. Í skýrslu innri endurskoðanda er staðfest að sjóðurinn starfar eftir þeim lögum, reglugerðum og samþykktum sem um hann gilda.

15. Eftirlit og stýring mótaðilaáhættu

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í viðskiptum eða útgefandi verðbréfs geti ekki staðið við skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum. Til að draga úr mótaðilaáhættu hefur Almenni lífeyrissjóðurinn sett hámark á vægi hvers útgefanda. Einnig hefur sjóðurinn skilgreint viðmiðanir sem sjóðstjórar hafa til hliðsjónar við val á verðbréfum til að draga úr tapsáhættu eins og hægt er. Jafnframt setur sjóðurinn þau skilyrði að hafa aðgang að árs- og milliuppgjörum útgefanda skuldabréfa til greiningar með tilliti til skilgreindra viðmiðana. Mótaðilaáhætta stærstu útgefenda m.t.t. líkinda á greiðslufalli að einhverju eða öllu leyti er metin tvisvar á ári í tengslum við birtingu uppgjöra útgefenda. Fundað er með skuldara einu sinni til tvisvar á ári til að fá upplýsingar um rekstur og efnahag ef talin er þörf á.

16. Eftirlit og stýring lausafjáráhættu

Lausafjáráhætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur, t.d. að: 1) greiða lífeyri samkvæmt samþykktum, 2) gera upp verðbréfaviðskipti sem hann hefur stofnað til, eða 3) greiða fyrir rekstur á sjóðnum. Þá getur sjóðurinn orðið fyrir óvæntu útstreymi sem einnig getur haft áhrif. Í eðli sínu eru séreignarsjóðir kvikari en samtryggingarsjóðir og lausafjáráhættan því meiri þar. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur skilgreint að æskilegt hlutfall auðseljanlegra eigna í ávöxtunarleiðum séreignarsjóðs skuli vera um 75% og samtryggingarsjóðs um 30%. Mánaðarlega eru teknar saman upplýsingar um seljanlegar eignir í ávöxtunarleiðum.

17. Eftirlit og stýring á fjárhagslegri áhættu

Fjárhagsleg áhætta er hætta á sveiflum í ávöxtun vegna breytinga á markaðsvirði eigna. Sjóðurinn hefur eftirlit með sjö þáttum fjárhagslegrar áhættu þ.e. vaxtaáhættu, uppgreiðsluáhættu, markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu, ósamræmisáhættu, verðbólguáhættu og áhættu vegna liða utan efnahagsreiknings. Reglubundið eftirlit er með ofangreindum þáttum fjárhagslegrar áhættu. Mánaðarlega yfirfer stjórnendateymi sjóðsins að eftirlit sem tímasett er í næsta mánuði á undan hafi verið framkvæmt og að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar í kjölfarið í þeim tilvikum sem það á við.

18. Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi eignir sjóðsins og skuldbindingar hafa mismunandi binditíma og því getur myndast bil milli eigna og skuldbindinga við vaxtabreytingar. Skuldbindingar samtryggingarsjóðs gagnvart sjóðfélögum eru verðtryggðar og núvirtar miðað við fasta vexti. Vaxtaberandi eignir sjóðsins geta verið með föstum eða breytilegum vöxtum, verðtryggðar, óverðtryggðar eða gengistryggðar. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi milli vaxtaberandi eigna og skuldbindinga. Sjóðurinn hefur því lagt áherslu á að fjárfesta í löngum verðtryggðum skuldabréfum.

19. Uppgreiðsluáhætta

Uppgreiðsluáhætta er sú áhætta að skuldabréf með föstum vöxtum verði greitt upp fyrir gjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem stefnt er að. Ætla má að líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri. Uppgreiðanleg skuldabréf fyrirtækja eru

19. frh.

verðlögð með tilliti til uppgreiðsluákvæðis ef svo ber undir. Eignir lífeyrissjóðsins í sjóðfélagalánum eru uppgreiðanleg af hálfu lántaka og ber sjóðurinn uppgreiðsluáhættu vegna þeirra.

20. Markaðsáhætta

Markaðsverðsáhætta er sú áhætta sem fólgin er í verðbreytingum verðbréfa á markaði. Sjóðurinn leggur mat á þessa áhættu með útreikningi á kennitölunum virði í húfi (VaR) og Sharpe hlutfalli.

21. Gjaldeyrisáhætta

Til að ná meiri dreifingu í verðbréfasafni og draga þannig úr mótaðilaáhættu og samþjöppunaráhættu vegna takmarkaðs framboðs af innlendum verðbréfum hefur sjóðurinn fjárfest í erlendum verðbréfum.

Gjaldeyrisáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum einkum gagnvart íslensku krónunni. Lífeyrissjóðurinn fylgist með gjaldeyrisáhættu í samhengi við heildarskuldbindingar sjóðsins og gætir þess að vera innan takmarkana samkvæmt lögum.

Ævisafn I stefnir að því að 68% af eignum verði í erlendri mynt, 49% af eignum Ævisafns II, 18,5% af eignum Ævisafns III og 41% af eignum samtryggingarsjóðs. Skuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum og því hefur sjóðurinn haft þá stefnu að draga úr gjaldeyrisáhættu sinni til að takmarka þær sveiflur sem óhjákvæmilega verða í ávöxtun sjóðsins vegna sveiflna á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Vegna gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki varið sig gegn sveiflum á gengi erlendra gjaldmiðla.

Skipting erlendra eigna á helstu myntir og samanburður við síðasta ár.

31.12.2011	ÆI	ÆII	ÆIII	TD
Bandaríkjadollar	47%	47%	45%	46%
Japanskt jen	7%	7%	6%	6%
Sterlingspund	7%	7%	6%	6%
Svissneskur franki	2%	2%	2%	2%
Evra	25%	26%	28%	27%
Aðrar myntir	12%	12%	12%	12%

31.12.2010	ÆI	ÆII	ÆIII	TD
Bandaríkjadollar	42%	41%	38%	40%
Japanskt jen	8%	8%	7%	8%
Sterlingspund	8%	7%	7%	7%
Svissneskur franki	2%	2%	2%	2%
Evra	23%	23%	27%	24%
Aðrar myntir	18%	18%	19%	18%

22. Ósamræmisáhætta

Ósamræmisáhætta er hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Árlega eru gerð álagspróf þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum.

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

23. Eignamat og niðurfærsla verðbréfa

Í daglegu gengisuppgjöri lífeyrissjóðsins er farið yfir allar eignir sjóðsins og þær metnar. Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði en óskráð verðbréf á áætluðu markaðsverði. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup. Framtakssjóðir (private equity og mezzanine funds) eru metnir á innra virði í samræmi við árshlutauppgjör og endurskoðuð ársuppgjör.

Áður en ákvörðun er tekin um breytingar á eignamati verðbréfa þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefa til kynna vísbendingar um breytt eignaverð og endurheimtur skuldabréfa.

23. frh.

Í ársuppgjöri Almenna lífeyrissjóðsins árin 2009 og 2010 var gerð ítarleg grein fyrir afskriftum og mati á endurheimtum skuldabréfa vegna efnahagshrunsins 2008, þegar allt fjármálakerfi landsins hrundi og nær öll fyrirtæki lentu í skuldavanda á sama tíma. Á árinu 2011 voru viðbótarafskriftir færðar vegna skuldabréfa Bakkavarar og N1, annars vegar vegna verri rekstrarhorfa og hins vegar vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar. Varúðarniðurfærsla vegna innlendra skuldabréfa sjóðsins nemur í heildina um 583 milljónum króna á árinu 2011. Endurheimtustuðlar fyrrnefndra félaga voru lækkaðir á árinu 2011 eins og fram kemur hér á eftir.

- Bakkavör úr 30% í 10%.
- N1 úr 75% í 35%.

Fjárhagslegri endurskipulagningu N1 lauk á árinu 2011 með því að Almenni lífeyrissjóðurinn og aðrir skuldabréfaeigendur færðu kröfur sínar niður og breyttu yfir í hlutafé í félaginu. Stefnt er að skráningu félagsins á markað innan tveggja ára og vonir standa til að virði félagsins geti aukist.

24. Afleiðusamningar og vaxtagjöld

Gjaldeyrisvarnarsamningar og vaxtaskiptasamningar í ársuppgjöri eru bókfærðir á sama hátt og síðustu ár eða miðað við gengi á gjalddaga og dráttarvexti á eftirstöðvar. Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi í varúðarskyni fært samningana með þessum hætti er óvíst hvort að sjóðnum beri lagaleg skylda til að gera samningana upp og þá með hvaða hætti. Í lok ársins 2011 nam skuld vegna þessa í ársreikningi lífeyrissjóðsins 7,8 milljörðum sem sundurliðast í skuld vegna gjaldeyrisvarnarsamninga að fjárhæð 6,1 milljarður, skulda vegna vaxtaskiptasamninga að fjárhæð 571 milljónir og skuld á bankareikningi að fjárhæð 1,1 milljarður. Á árinu 2011 voru gjaldfærðir dráttarvextir af gjaldeyrisvarnarsamningunum fyrir 474 milljónir.

